

Ed.

184. Frumvarp til laga

[60. mál]

um rétt manna til kaupa á ítökum.

(Eftir 2. umr. í Ed.)

1. gr.

Það kallast ítak í lögum þessum, er jörð á rétt til landsnytja, svo sem slægna, beitar, svarðartekju, torfristu, laxveiði, silungsveiði, reka alls konar, grasatekju, eggjatekju, fuglategju, sölvafjöru, mariukjarnafjöru og hvers konar annarra nytja í landi annarra jarða eða fyrir landi þeirra. Ítak telst einnig nytjaréttur, er kirkjur eiga utan heimajarðar kirknanna.

2. gr.

Rétt er eiganda jarðar, sem aðrir eiga ítak í eða fyrir, að kaupa það undir jörð sína eftir lögum þessum.

3. gr.

Ráðherra skal, eftir að lög þessi hafa öðlzt gildi, auglýsa þrívægis í Lögbirtingablaðinu fyrir mæli til allra þeirra, er telja sig eiga einhvers konar ítök í eða fyrir landi jarða, sem aðrir eiga, að lýsa þeim á manntalsþingi í þinghá þeirrar jarðar, sem tilkall er gert til ítaks í, innan þriggja ára frá síðustu auglýsingu. Ákvæði þessi ná þó eigi til skógarítaka (sbr. lög nr. 100 14. maí 1940).

4. gr.

Þegar ítökum er lýst samkvæmt 3. gr., skal tilgreina, ef kostur er, með hvaða hætti ítökin urðu til og hvenær, hvernig þau hafi verið notuð síðustu áratuginu og hvers virði þau séu talin nú, og greina fyrir því skilríki eftir föngum.

Nú vill eigandi eða umráðamaður einhverrar jarðar ekki kannast við, að aðrir eigi ítök í eða fyrir landi jarðarinnar, svo sem haldið er fram af þeim, er lýsir til ítaks eftir 3. gr., og skal hann þá mótmæla því við viðkomandi sýslumann, er þá fer með málið samkvæmt lögum nr. 41 28. nóv. 1919, um landamerki o. fl.

Ítök, sem ekki er lýst á tilsettum tíma samkvæmt 3. gr., falla niður, nema ítaki sé lýst í þinglesnu landamerkjabréfi þeirrar jarðar, sem ítakið liggur í eða fyrir.

5. gr.

Nú lítur ítakseigandi svo á, að missir ítaksins skerði verulega aðstöðu til búrekstrar á jörðinni, og mótmælir sölunni á þeim grundvelli, og er þá ekki skylt að selja það, nema tveir dómkvaddir menn telji, að ítakið komi að betri notum með því heldur en liggja áfram undir jörðina, sem hefur nýtt það. Kostnað við gerðina greiðir sá aðili, er hennar óskar.

6. gr.

Eftir að ítaki hefur verið lýst samkvæmt 3. gr. og eignarréttur þess viðurkenndur, hefur eigandi þeirrar jarðar, er ítakið liggur í eða fyrir, rétt til að kaupa ítakið undir jörðina. Verði ekki samkomulag um kaupverð, skal ítakið metið á sama hátt og land, sem tekið er eignarnámi, sbr. lög nr. 61 14. nóv. 1917.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.